

Stúdentaráðsfundur - 19. maí 2010

Mættir: Jens Fjalar (V), Inga Lára (V), Bergþóra (R), Aðalbjörg Ósk (V), Guðrún Sóley (V), Hjördís Perla (V), Stefán Þór (V), Magnús (R), Hörður Unnsteinsson (R), Tinna Rut (S), Viktor Orri (S), Björn Rafn (R), Elvar Örn (V), Sigurður Kári (R), Fannar Freyr (R), Halla (R), Margrét (R), Kristín Helga (R)

Áheyrnarfulltrúi: Eva Björk, frkv.stjóri Stúdentaráðs

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt

2. Fréttir af skrifstofu.

Jens segir frá því að mikill umgangur hafi verið á skrifstofu vegna einkunnaskila vormisserisprófa.

Jens hvetur okkur einnig til að ganga í nýja facebook-grúppu SHÍ og bjóða vinum okkar. Eva segir frá því að planið sé að virkja þessa grúppu mikið til að auka sýnileika Stúdentaráðs.

Jens segir frá því að umsagnir í sumarvinnur renni út í dag og að SHÍ ætli að reyna að fá upplýsingar um hversu margir stúdentar hafi sótt um sumarstörfin á vegum sveitarfélaganna..

Jens segir frá því að spurningar hafi verið sendar á alla flokka sem eru að bjóða sig fram í sveitarstjórnarkosningum um málefni stúdenta.

Magnús segir frá því að boðað hafi verið til deildarfulltrúanámskeiðs þar sem mörg mál voru rædd (menntamál og mál sem snúa að stjórnslu). Fundurinn gekk vel og miklar umræður sköpuðust og mætingin var góð. Planið er að halda annan svona fund í haust.

Eva segir frá próflokaballinu og samkvæmt henni gekk mjög vel og kom ásættanlega út fjárhagslega.

Eva segir frá því að hugmyndir séu lofti um að færa Oktoberfest fram til helgarinnar 23-25 september til þess að hægt sé að tjalda og veðrið verði boðlegt. Þessi dagsetning er samþykkt.

3. Lánasjóðsmál

Sigurður Kári fer yfir starfsár endurskoðunarnefndar LÍN. Hlutverk starfsnefndarinnar er að fara yfir regluverk LÍN og breyta því. Það stærsta sem var rætt í upphafi var sú regla að einungis sé hægt að fá 70% lán fyrir skólagjöldum.

Einnig var talað um lán til frumgreinadeilda - samkvæmt lögum LÍN er það ekki lánshæft nám.

Sigurður Kári segir frá því að umræður í LÍN hafi alltaf verið á þann veg að sama fjármagn yrði í ár og var í fyrra þetta breyttist þegar fjármálaráðuneytið setti 1.6 milljarðskróna niðurskurð á LÍN. Ríkisendurskoðun gerði úttekt á LÍN og þar kom fram að LÍN gerði best við fjölskyldufólk af öðrum stofnunum ríkisins en verst við einstaklinga, þetta gat ekki viðgengist samkvæmt þeim og þeir vilja jafna þetta. Á föstudaginn síðasta kom það fram hjá menntamálaráðherra vill spara 6.4% af raunfjármagni LÍN eða rúmlega 300 milljónir. Spara á á þremur flötum námslána:

Makalán eru felld út nema ef námsmaður fer í nám þar sem maki námsmanns getur sannarlega ekki fengið atvinnuleyfi.

Námsframvindukröfur verða gerðar út frá önnum en ekki árum eins og var áður, þær verða hækkaðar í 18 einingar á önn (þessu var mótmælt af fulltrúum stúdenta).

Barnastuðlar verða 8000 per fyrsta barn, 95 % af því fyrir annað barn, 80 % fyrir þriðja barn, 75 % fyrir fjórða barn, 70 % því fyrir þriðja barn. Breyting er líka gerð á umsóknarfrestinum nú er hann til 1. des og 1.maí. Stúdentaráð þarf að passa að þessar breytingar á dagsetningum verða kynntar vel.

Almennar umræður fara fram um LÍN.

4. Klámvæðing í HÍ.

Halla segir frá fyrirlestri sem hún fór á og tekur nokkur dæmi um klámvæðingu hjá nemendafélögum í HÍ. Halla leggur til fyrir hönd Jafnréttisnefndar að Stúdentasjóður setji það sem skilyrði að umsækjandi um styrk hafi ekki gerst brotlegur við siðareglur Háskólans. Hafi nemendafélög eða félag sem sækir um í sjóðinn brotið á siðareglunum myndu fulltrúar SHÍ í stjórn sjóðsins þannig mælast til þess að félaginu væri ekki veittur styrkur.

Siðanefnd HÍ metur hvort að viðkomandi hafi brotið á siðareglunum.

Mjög langar umræður skapast um þetta og mjög skiptar skoðanir eru á málinu.

Niðurstaða:

Fannar kemur með tillögu um framgang þessa máls, Beina málinu til lagabreytinganefndar og leggja til að setja væga reglu sem yrði aðallega hugsuð sem aðhald og að félög innan HÍ viti að það sé verið að fylgjast með þeim, t.d. að þau fái tilkynningu ef þau eru kærð til siðanefndar, ef þau séu kærð tvisvar í röð þá hafi þau mögulega einhver áhrif.

Samþykkt vísa þessu til lagabreytinganefnd og ræða málið svo aftur þegar að tillaga kemur frá þeim.

5. Önnur mál